

|                     |   |
|---------------------|---|
| <b>Mættir:</b>      | Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lilly Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Steinþór Jónsson, Anna María Bjarnadóttir, Guðbjörn Sigurmundsson fulltrúi kennara, |
| <b>Forfallaðir:</b> | Hrafn Ágúst Björnsson fulltrúi nemenda, Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra   |
| <b>Staður:</b>      | Þjórnarými  |
| <b>Tími:</b>        | Kl. 12:10-13:07   |
| <b>Dags.:</b>       | 14. febrúar 2018  |

| Nr.       | Atriði   | Ábyrgð | Tími    |
|-----------|--|--------|---------|
|           | Flosi Eiríksson formaður skólanefndar setti fundinn kl. 12:08.   | FE     | 1 mín   |
| <b>1.</b> | <b>Drög að fjárhagsuppgjöri ársins 2017</b>  | MF     | 25 mín  |
|           | Margrét Friðriksdóttir skólameistari kynnti drög að fjárhagsuppgjöri ársins 2017 og dreifði við það tilefni rekstraryfirliti fyrir árið 2017 til nefndarmanna. Skólameistari fór yfir helstu rekstarliði. Hún upplýsti viðstadda um að framvegis myndu eignakaup ekki vera sér liður í rekstraryfirliti en birtast í efnahagsreikningi. Rekstarkostnaður skólans nam á síðasta ári 1.328.000.214 kr. Þar af vega laun 80% útgjalda. Umræða spannst um útgjaldaliðinn yfirvinnu sem er stór hluti af launakostnaði kennara. Hann orsakast m.a. af sveiflum í kennslumagni milli anna, hærra kennslumagn fellur til á hausti heldur en á vori þar sem fleiri nemendur eru skráðir í skólann þá en að vori. Kennslumagnið mun hins vegar minnka þar sem skólinn er að fara úr 4ra ára kerfinu yfir í 3ja ára kerfið. Því var ákveðið að ráða ekki fleiri kennara inn síðasta haust, til að koma í veg fyrir tímabundnar ráðningar. Fram kom að tækjakaup námu 58 milljónum á síðasta ári. Þá var 18 milljóna rekstarafgangur frá fyrra ári (2016). Rekstarafgangur MK fyrir árið 2017 nam 57.547.729 kr. Rekstrar- og efnahagsreikningur MK fyrir árið 2017 verður samþykktur síðar, fjárhagsuppgjörið er því einungis lagt fram og kynnt að þessu sinni. |        |         |
| <b>2.</b> | <b>Endurskoðun á stjórnun og stjórnsýslu starfsmenntunar og efnis- og námsgjöld</b>  | MF     | 10 mín. |
|           | Skólameistari dreifði tveimur bréfum frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, það fyrri varðar endurskoðun á stjórnun og stjórnsýslu starfsmenntunar dags. 29. janúar 2018. Með þessu erindi er ráðuneytið að greina hlutverk ólíkra aðila og stuðla þannig að meiri skilvirkni starfsmenntakerfisins. Ingi Bogi Bogason verkefnastjóri ráðuneytisins mun koma með hugmyndir að úrbótum og stefnumörkun fyrir lok júní. Skólameistari bindur miklar vonir við að þetta skili góðum árangri og verði nemendum til hagsbóta, þar sem flækjustigið er talsvert í dag, t.a.m. bera 5 aðilar ábyrgð á hverjum iðnnema eins og staðan er í dag.<br><br>Síðara bréfið dags. 1. febrúar varðar ákvörðun ráðuneytisins um að endurgreiða skuli nemendum ýmis efnisgjöld og eða námsgjöld vegna verknáms. Skólanum er úthlutað framlag til að endurgreiða efnisgjöld síðustu 4 anna. Skólameistari áréttaði að það væri mikið framfaraskref að ríkið muni framvegis bera kostnað af efnisgjöldum verknámsnemenda, slíkt jafni aðstöðumun milli nemenda. Því væri hins vegar ekki að neita að endurgreiðsla afturvirkkt flækti málin hins vegar talsvert. Umræða spannst um aðferðafræði endurgreiðslunnar.   |        |         |
| <b>3.</b> | <b>Kjötiðnaðarnám í MK</b>   | MF     | 10 mín. |
|           | Í framhaldi af umræðu um kjötiðnaðarnám frá síðasta skólanefndarfundi upplýsti Margrét nefndarmenn um að 11 kjötiðnaðarnemar séu við nám í skólanum á aldrinum 18-30 ára. Meðalaldur þeirra er 23 ára. Þessir nemendur koma víða að úr atvinnulífni og eru með misjafnan bakgrunn. Fjórir tóku grunnnámið hér. Sex eru búinir að með fyrstu önnina, sem er jafnframt bóklegi hlutinn. Tíu eru í öðrum bekk. Yngsti neminn (18 ára) er á sérsamningi og mun taka bóknaðsbekkinn síðar. Sex af þessum 11   |        |         |

|           |  |           |                |
|-----------|--|-----------|----------------|
|           | munu ljúka 3. bekk vorið 2019 (verða þangað til úti á stöðvum sínum). Eitthvað verður beðið með hina fimm, þar sem þeir eru ekki komnir nægjanlega langt á samningi sínum. Allt öflugir nemar. Árleg keppni framundan. Kjötþúð rekin fyrir nemendur og kennara.                                    |           |                |
| <b>4.</b> | <b>Önnur mál</b>   | <b>MF</b> | <b>13 mín.</b> |
| <b>a.</b> | <b>a) Opið hús 15. mars og verkleg æfing í matreiðslu – og framreiðslu.</b>  |           |                |
|           | Skólanefnd og mökum boðið á þessa verklega æfingu: 18:30-21:30. Þetta kvöld fá nemendur að æfa sig fyrir loka- og sveinspróf sín. Láta vita ekki seinna en viku fyrir. Sendi staðfestingu um þátttöku á: Margret.fridriksdottir@mk.is. Nefndarmenn hvattir til að mæta í fyrria fallinu kl. 17:30. |           |                |
| <b>b.</b> | <b>Opið hús fyrir 10. bekkinga</b>   |           |                |
|           | Skólinn var með opið hús fyrir stuttu fyrir 10. bekkinga, stutt yfirlit frá áfangastjórum, kynning nemendafélags, svo gátu foreldrar og krakkarnir gengið um og skoðað skólann. Vel heppnað.   |           |                |
| <b>c.</b> | <b>Næsti fundur skólanefndar</b>   |           |                |
|           | Verður haldinn 14. mars nk.  |           |                |
| <b>5.</b> | <b>Fundi slitið</b>  | <b>FE</b> | <b>1. mín</b>  |
|           | Formaður sleit fundi kl. 13:00   |           |                |

Fundarritari: Anna María Bjarnadóttir